

79.fundargerð Hverfisnefndar Holta- og hlíðahverfis.

Haldinn í Glerárskóla, 4.nóvember 2014.

Mættir eru: Berglind Rafnsdóttir, Sigrún Elva Briem, Óskar Ingi Sigurðsson, Sigurður Magnússon og Helgi Stefánsson. Fjarverandi eru: Pétur Örn og Guðmundur.

1. Fundargerðir sl. tveggja funda

Farið var yfir fundargerðir og svör við þeim frá bæjarráði.

2. Frisbee völlum

Málin voru rædd um komandi frisbee völlum í kringum Glerárskólann og hvernig væri best að standa að málum. Kostnaður frá Frisbee búðinni í Reykjavík er ekki sá sami og gefinn var upp í vor svo nefndin ákveður að skoða fyrirtækin hér í bæ til að smíða það sem til þarf. Helgi er settur í málið og ætlar hann að kanna hvort fyrirtækin hafi áhuga á því.

3. Nýr stígur við Glerá í átt að sjó

Nefndarmenn hafa tekið eftir því að keyrt er á nýja stígunum við Gleránna og spurning hvort þurfi að setja þar hlið svo akstri sé hætt. Gulir steinar eru færðir til og ekki settir á sinn stað aftur. Í sömu umræðu er einnig rætt um hvort ljós eigi ekki að koma á nýja stígunum sem og bekkir og rusladallar.

4. Langholt

Nefndarmenn hafa einnig tekið eftir því að keyrsla úr Langholti yfir á Hörgárbraut hefur aukist mjög mikið og er verið að keyra á göngustígunum sem liggur úr Langholti að húsinu Hraun sem hefur útakstur á Hörgárbraut. Börn þessa hverfis ganga þennan göngustíg til að komast í undirgöngin á leið sinni í skólann og allir þeir sem eru þarna gangandi á leið sinni í hverfið. Nefndin mælir með hliði á göngustíginn.

Fleira ekki rætt og ákveðið að næsti fundur skuli haldinn 4.desember á Kaffihúsi.
Berglind Rafnsdóttir, formaður.